

# Flóttamenn og hælisleitendur – Stjórnleysið á landamærunum

Opin landamæri eru áberandi einkenni á stjórnarstefnu núverandi ríkisstjórnar. „Banki einhver á dyrnar“ er hann strax boðinn velkominn og helst ekki spurt um feril viðkomandi. Þetta endurspeglar mildi og mannúð góða fólksins sem ekkert aumt má sjá. Gestrisni þess er við brugðið. Íslenskt útigangsfólk þekkir það manna best. Vert er að rekja alþjóðasáttmála um hælisleitendur og flóttamenn og kanna stöðu þjóðríkja gagnvart þeim.

## Sögulegar forsendur og skilgreiningar

Það er val hvers og eins hversu langt er farið aftur í tímann þegar rakið er „upphaf“ mannlegra vandamála. Hins vegar má rekja núverandi kerfi í málefnum flóttamanna og hælisleitenda til atburða í seinni heimstyrjöldinni. Samningur Sameinuðu þjóðanna frá 1951, um stöðu flóttamanna, er megin réttarheimildin innan alþjóðaréttar í málaflokknum. Hann tók gildi 22. apríl árið 1954.<sup>i</sup>

Skoðum fyrst skilgreiningu á vefsíðu bandaríska heimavarnarráðuneytisins [U.S. Department of Homeland Security] en þar segir, í lauslegri þýðingu: „Veita má fólki stöðu flóttamanna eða hæli sem hefur verið ofsótt eða óttast að það verði ofsótt vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis og/eða aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana.“<sup>ii</sup>

Mjög er nú þrengt að tjáningarfrelsinu á Íslandi og víðar. Skoðanir sem ekki falla stjórnvöldum í geð eru og verða formlega flokkaðar sem „hatursorðræða“. Það er aðferðin sem beitt er við skoðanakúgun. Eina vitræna aðferðin er hins vegar að láta frjáls skoðanaskipti ráða för.

Ekki verður betur séð en að Íslendingar gætu, ef fram fer sem horfir, mögulega fengið stöðu hælisleitenda í Bandaríkjunum á grundvelli stjórnmalaskoðana og jafnvel á grundvelli trúarbragða, enda má helst ekki orðið nefna Jesú Krist í kirkjum landsins, hvaða þá annar staðar. Með sama áframhaldi á Íslandi gæti fólk látið reyna á rétt sinn þar vestra og óskað hælis. Víkjum þá aftur að samningi Sameinuðu þjóðanna.

## Alþjóðasáttmálar

Samningurinn frá 1951, og bókun við hann frá 1967, eru einu alþjóðlegu löggæringarnir sem fjalla beinlínis um mikilvægustu þætti í lífi flóttamanna.<sup>iii</sup>

Hugtakið „flóttamaður“ er skilgreint undir 1. og 2. mgr. 1. gr. samningsins. Þar er vísað til samkomulags frá 12. maí 1926,<sup>iv</sup> frá 30. júní 1928,<sup>v</sup> samninga frá 28. október 1933,<sup>vi</sup> 10. febrúar 1938,<sup>vii</sup> viðauka frá 14. september 1939<sup>viii</sup> og stofnskrár Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar. Þarna eru upp taldar þær réttarheimildir sem byggt er á.

Samkomulagið frá 12. maí 1926, um útgáfu persónuskilríkja fyrir rússneska og armenska flóttamenn, er frá tíma **Þjóðabandalagsins** [League of Nations] sem var forveri Sameinuðu þjóðanna og stofnaðar voru árið 1945. Skilyrði þess að einstaklingur falli undir hugtakið „flóttamaður“ er að hann hafi gilda ástæðu til þess að óttast að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að samtökum eða vegna stjórnmálaskoðana.<sup>ix</sup>

Er hér komið að mjög mikilvægu atriði sem er **sönnunarbyrði**. Spurningin er þá þessi: hvort er það flóttamaðurinn sjálfur eða yfirvöld viðkomandi ríkis sem hann leitar til sem bera sönnunarbyrði þess að viðkomandi uppfylli skilyrðin sem sett eru? Svar: flóttamanninum (umsækjandanum) ber að sanna sitt mál.<sup>x</sup> Umsækjandinn verður að sanna að raunverulegar og gildar ástæður liggja að baki umsókn hans sem flóttamanns.

Í 2. gr. samningsins frá 1951 kemur fram að **sérhver flóttamaður ber skyldur gagnvart því landi sem hann dvelur í**. Þær eru helstar að hann lúti lögum landsins og reglum sem og ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að halda uppi **allsherjarreglu**. Samkvæmt þessu er ljóst að viðkomandi getur ekki „tekið lög síns heimaríkis með sér“, s.s. Sharia-lög – hann verður að virða þau lög sem gilda í landinu sem hann fer til. Flestum mun þykja það auðsætt en svo er ekki ævinlega. Sumir líta svo á að innfluttum beri ekki að aðlaga sig að samfélögum heldur beri samfélögunum að aðlaga sig að innfluttum. Ef þeirri reglu væri beitt t.d. á hjón sem bjóða fólki í mat, ættu gestirnir að ráða heimilis- og borðhaldinu. Það virðist órökrétt. Húsráðendur hljóta að vera í fullum rétti að vísa gestunum út ef þeir virða ekki lágmarks mannasiði og vilja iðka sína eigin. Ekki ætti að þurfa að fjölyrða um það.

Nauðsynlegt er að greina á milli annars vegar „flóttamanna“ [refugees] og hins vegar „hælisleitenda“ [asylum seekers]. Þessir hópar hafa ólíka stöðu lagalega, að ýmsu leyti. Að því verður vikið síðar í þessari umfjöllun.

## Góða fólkið og mótsagnirnar

Sumir eru þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að tilgreina einhvern fjölda „flóttamanna“ sem ríki geta tekið við. Það mátti t.a.m. heyra í umræðum á Útvarpi Sögu nýlega. Þar ræddu málin Eyjólfur Ármannsson, þingmaður Flokks fólksins, og Björn Leví Gunnarsson, þingmaður pírata. Eyjólfur stóð sig vel að vanda en hið sama verður ekki sagt um Björn Leví. Eyjólfur spurði réttilega hversu mörgum Ísland ætti að taka við árlega. Björn kvað ekki hægt að svara því. Gjörgæsla spurði ekki hversu margir sjúklingar leituðu til hennar.

Þarna er alvarleg rökvilla hjá píratanum. Tökum dæmið af gjörgæslunni. Gjörgæslur hafa ákveðinn fjölda sérhæfðra starfsmanna. Starfsemin takmarkast bæði af húsplássi og mannafla. Það merkir að það eru einhver ákveðin efri mörk á því hversu mörgum gjörgæslan getur tekið við á hverjum tíma. Verði fjöldinn meiri myndast „biðröð“. Gjörgæsla annar með öðrum orðum ekki hvaða fjölda sem er. Fyrsta skrefið er að viðurkenna þá augljósu staðreynd að þarna er ákveðið **hámark**. En hvað ef til gjörgæslu leituðu t.d. 500 manns á 12 klukkutímum? Sú staða gæti mögulega komið upp ef t.d. skemmtiferðaskip lenti í alvarlegum sjávarháaska. Enn fremur, hvernig ætti að forgangsraða?

Sama lögmál gildir um „flóttamenn“. Það er eitthvert hámark á því hversu margir geta sótt um stöðu flóttamanns í einu ríki. Það er ekki nóg að hleypa endalaust inn í ríkin, þar verða aðstæður að leyfa slíka snögga fólksfjölgun. Annars fara stofnanir að hökta, t.d. skólar og heilsugæsla, og stjórnleysi tekur við, eins og nú er á Íslandi. Á skemmtiferðaskipum er stundum miðað við að 150 manns komist í einn björgunarbát.<sup>xi</sup> Hvað halda menn að gerist ef fjöldinn fer langt umfram hámarkið? Margir berja hausnum við steininn og neita öllu hámarki í tilviki „flóttamanna“ og „hælisleitenda“ sem sækja um í öðrum ríkjum – það eigi að taka við öllum sem sækja um. En sá hluti góða fólksins sem viðurkennir að til sé hámark segir á á hinn bóginn að því hámarki sé alls ekki náð á Íslandi. Það nefnir hins vegar aldrei hvert hámarkið skuli þá vera. Hin Norðurlöndin virðast þó fær um að setja reglur þar að lútandi, eins og Eyjólfur Ármannsson benti á.

## Hver er vilji þjóðarinnar


Það er merkilegt að í málefnum flóttafólks, og fjölmargra annara mála, er þjóðin sjálf aldrei spurð álit. Þessari sömu þjóð er þó ætlað að kjósa stjórnámálamenn. En um leið og þeir hafa fengið umboð þjóðarinnar gefa flestir

þeirra fullkomið frat í kjósendur sína en taka þess í stað við skipunum frá Evrópusambandinu, Sameinuðu þjóðunum og jafnvel hræsnisfulla fólkinu sem kemur saman í Davos og boðar þar heimsyfírráð. Sumir íslenskir stjórnámamenn eru mjög hallir undir Davos-spekina. Hafi þeir skömm fyrir það. Í Davos mætast m.a. spilltir stjórnámamenn og menn sem eru sakaðir um alvarlega glæpi.<sup>xii</sup> Enginn heiðvirður maður lætur sjá sig í Davos eða vill vera kenndur við þá samkomu á nokkurn hátt. Sýnir það betur en margt annað siðleysi núverandi ráðamanna að vera þar innanbúðar.

## Tölfræði gegn lygi stjórnvalda

Íslensk stjórnvöld eru orðin alveg sambandslaus við þjóðina – ljúga einu til og öðru frá. Það þekkja kjósendur vel. En það er ekki einvörðungu lygi, oft er um algeran upplýsingaskort að ræða. Upplýsingum er vísvitandi haldið frá fólki. Í einfölduðu máli gengur lygin út á það að til Íslands komi nánast örfáir flóttamenn og að gerður sé úlfaldi úr mýflugu. Það er rangt. Þarna verður að skoða vel tölfræðina; um heildarfjölda, aukningu á milli ára, skiptingu eftir ríkjum sem flóttamenn koma frá, skiptingu eftir ríkjum sem flóttamenn fara til og aldursdreifingu. Lítum þessu næst á línurit og súlurit sem sýna vel þróun mála. Upplýsingar byggjast á gögnum Alþjóðabankans.


Mynd 1<sup>xiii</sup>



Mynd 1 sýnir fjölda flóttamanna sem fengu dvöl (hæli) á Íslands á árunum 2007-2022. Efri myndin sýnir fjölda þeirra sem fengu hæli en neðri myndin sýnir hlutfallið, breytingu í prósentum á milli ára.

Árið 2019 komu 894 flóttamenn til Íslands. Árið 2020 voru þeir 1.460. Það er aukning um 63,31% frá árinu á undan. Árið 2021 komu 1.830 flóttamenn sem var aukning um 25,34% frá árinu á undan. Árið 2022 jókst fjöldinn í 5.240 flóttamenn sem er aukning um 186,34% frá 2021.

Mynd 2



Mynd 2, úr tölfraeðiforrtinu Jamovi,<sup>xiv</sup> byggir á gögnum frá Macrotrends LLC yfir fjölda þeirra flóttamanna sem fengu hæli á árunum 1990-2022.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var mannfjöldinn á Íslandi þann 1. janúar 2021 **368.792**. Þann 1. janúar 2023 var mannfjöldinn, **387.758**.<sup>xv</sup> Eins og komið er fram fengu 5.240 manns stöðu flóttamanns (hæli) á Íslandi árið 2022. Þá má spyrja: hversu hátt hlutfall var það af heildarmannfjölda? Svar:  $5.240 \div 387.758 = 0.013513583214273 = \mathbf{1.3513583214273\%}$ . Hlutfall þeirra sem fengu hæli var um **1.35%** af þjóðinni, árið 2022. Ef miðað er við sama fjölda þeirra sem fengu hæli [5.240] sem hlutfall af heildarmannfjölda 1. janúar 2021 væri það um **1.42%**.

Að minnsta kosti **108,4 milljónir manna** um allan heim hafa neyðst til að flýja heimili sín, við árslok 2022, að mati Flóttamannastofnunar Sameinuðu

þjóðanna. Þar á meðal eru tæplega **35,3 milljónir flóttamanna**, um 41 prósent þeirra eru yngri en 18 ára. Einnig eru milljónir fólks án ríkisfangs, sem hefur verið neitað um ríkisfang og skortir aðgang að grundvallarréttindum eins og menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu- og ferðafrelsi.<sup>xvi</sup>

## Kvótaflóttamenn

Hugtakið „**kvótaflóttamaður**“ heyrir oft í fjölmiðlum. Sjálfsagt hafa margir velt fyrir sér merkingu þess. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir fólk í ákveðnum aðstæðum sem kvótaflóttamenn. Hugtakið felur í sér þrjú atriði. Í fyrsta lagi að viðkomandi einstaklingur hafi þurft að yfirgefa heimaland sitt eða ríki þar sem hann hafði fasta búsetu. Í öðru lagi að honum sé ófært að dvelja áfram í sama ríki. Í þriðja lagi hafi flóttamannastofnunin skilgreint viðkomandi sem flóttamann.<sup>xvii</sup> Um þetta segir á heimasíðu finnsku innflytjendamálanna, í lauslegri þýðingu:

„Í Finnlandi, þegar þingið samþykkir fjárlög hvers árs, ákveður það einnig hversu marga kvótaflóttamenn Finnland skuldbindur sig til að taka á móti. Á árunum 2001–2019 var fjöldi flóttamanna innan flóttamannakvótans 750 á ári. Árið 2020 var fjöldinn 850. Árið 2021 var fjöldinn 1.050 og árið 2022 var fjöldinn 1.500. Árið 2023 verða þeir 1.050.

Einstaklingar sem hafa verið úrskurðaðir flóttamenn af Flóttamannastofnun, og sem Flóttamannastofnun hefur lagt til að verði búsettir í Finnlandi, geta fengið búsetu í Finnlandi sem kvótaflóttamenn. Flóttamannastofnunin ákvarðar hvaða flóttamenn þurfa mest á aðstoð að halda og leggur til að þeir einstaklingar verði fluttir til Finnlands sem hluti af flóttamannakvótanum. Finnland óskar ekki eftir því við Flóttamannastofnun að hún skilgreini fyrirfram ákveðna einstaklinga, eins og foreldra eða systkini, sem kvótaflóttamenn.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna ákveður hvaða einstaklingar þurfa mest á hjálp að halda og hverja hún leggur til að fái búsetu í Finnlandi. Hvað snertir ættingja sem eru búsettir erlendis verða ættingjarnir að mæta á skrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og sækja um alþjóðlega vernd. Í viðtölum við Flóttamannastofnun ættu þeir að taka fram að þeir eigi ættingja í Finnlandi og skýra frá ósk sinni um að flytja til Finnlands.<sup>“xviii</sup>

## Skipting flóttamanna eftir ríkjum

Tafla 1 sýnir fjölda hælisleitenda á Íslandi. Heildarfjöldi upphaflegra umsókna og áframhaldandi umsókna vísar til ársins **2022**. Athugið að fjöldi ákvarðana (samþykktá eða synjana) þarf ekki að bætast við fjölda umsókna þar sem enn gætu verið opin mál frá fyrri árum. Ekki þarf ekki að loka þeim innan sama almanaksárs. Að auki er einnig hægt að loka hæliserlinu ef umsækjandi hverfur frá eða dregur umsóknina til baka. Umsækjendur frá Úkraínu hafa þarna vissa sérstöðu, í samræmi við ákvörðun íslenskra stjórnvalda þar að lútandi. Samkvæmt WorldData.info er skiptingin eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að ákvarðanir yfirvalda geta sætt endurskoðun [review] og þá hækkað eitthvað hlutfall samþykktra.

Tafla 1

### Nýjar umsóknir

Upprunaríki	Umsóknir	Samþykkt	Synjað	Hlutfall samþykktra
Úkraína	2,343	0	0	
Venezúela	1,209	5	39	11.4 %
Palestína	233	0	0	
Sómalía	99	19	10	65.5 %
Írak	74	13	26	33.3 %
Sýrland	74	5	0	100.0 %
Nígería	67	0	49	0.0 %
Afghanistan	64	31	0	100.0 %
Kolombía	42	0	13	0.0 %
Íran	33	15	5	75.0 %
Rússland	26	0	0	
Georgía	22	0	0	
Hondúras	20	0	14	0.0 %
Lýbía	19	0	0	
Jemen	14	0	0	
Albanía	13	0	0	
Ungverjaland	9	0	0	
Rúmenía	9	0	0	
Moldóva	8	0	0	
El Salvavor	8	5	0	100.0 %
Bandaríkin	7	0	0	
Ghana	6	0	5	0.0 %
Egyptaland	5	0	0	

Hvíta Rússland	5	0	5	0.0 %
Síle	5	0	5	0.0 %
Eþiópía	5	10	0	100.0 %
Gambía	5	0	0	
Úganda	5	5	0	100.0 %
Bangladesh	0	0	0	
Bosnía Herzegovína	0	0	0	
Ekvador	0	0	0	
Líbanon	0	0	5	0.0 %
Norður Makedónía	0	0	0	
Svartfjallaland	0	0	0	
Marokkó	0	0	0	
Pakistan	0	0	5	0.0 %
Án ríkisfangs	0	5	0	100.0 %
<b>Samtals</b>	<b>4,429</b>	<b>113</b>	<b>181</b>	<b>38.4 %</b>

## Flóttamenn og hælisleitendur

Aðgreining *flóttamanna* og *hælisleitenda* var nefnd fyrir í þessum skrifum. Þar er átt við lagalegar, alþjóðlegar skilgreiningar. Flóttamaður er skilgreindur í alþjóðarétti (sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1951) sem sá sem hefur rökstuddan ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að ákveðnum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana, eins og komið er fram.

Hælisleitandi er hins vegar einstaklingur sem hefur yfirgefið land sitt og leitar verndar gegn ofsóknum og alvarlegum mannréttindabrotum í öðru landi, en hefur ekki enn hlotið lagalega viðurkenningu sem *flóttamaður* og bíður þess að fá niðurstöðu um hæliskröfu sína. Til þess að geta fengið stöðu flóttamanns þarf fyrst að sækja um hæli.

Hælisleitandi er þá sá sem bíður eftir að fá úrskurð um það hvort hann uppfyllir skilyrði þess að teljast flóttamaður. Ríki hafa í gegnum tíðina þróað sín eigin kerfi til þess að afgreiða hælisumsóknir, viðurkenna flóttamenn og veita stöðu flóttamanns.<sup>xix</sup>

## Schengen-svæðið

Schengen-samkomulagið, sem undirritað var 14. júní 1985, er sáttmáli sem leiddi flest lönd Evrópu í átt að afnámi landamæra sinna, til þess að byggja upp landamæralausa Evrópu sem kallast „Schengen-svæðið“. Samkomulagið, sem var undirritað í Lúxemborg, upphaflega af einungis fimm ESB-ríkjum, myndar svæði



sem er enn eitt stærsta svæði heims sem hefur bundið enda á landamæraeftirlit á milli aðildarríkja<sup>xx</sup> [sem stenst þó ekki, enda er fólk beðið um vegabréf bæði við komu og bröttför].

Því má halda fram með gildum rökum að Schengen-aðild torveldi stjórn á fólksflutningum, enda er markmiðið það að opna allt upp á gátt. Takmarkið um „landamæralausa Evrópu“ samræmist illa rétti fullvalda ríkja á sama svæði til þess að stjórna eigin landamærum. Fólk getur einnig velt upp þeirri spurningu hvers vegna Bretar og Írar kusu að standa utan Schengen.

Tillaga til þingsályktunar, um fullgildingu samnings [Brussel-samningurinn] sem Ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,<sup>xxi</sup> var lögð fyrir 125. löggjafarþing Íslendinga, 1999-2000, af þáverandi utanríkisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni.<sup>xxii</sup>

Í 6. kafla Schengen-samningsins, a- og b-lið 1. mgr. 26. gr. segir svo: „Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp eftirfarandi reglur í innlenda löggjöf:

a) Ef útlendingi er synjað um komu inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna skal flutningsaðilinn, sem flutti hann að ytri landamærunum, hvort sem það var loft-, sjó- eða landleiðis, taka tafarlaust á sig ábyrgð á viðkomandi. Að kröfu þeirra yfirvalda, sem annast landamæraeftirlit, skal flutningsaðilinn flytja útlendinginn til baka til þess þriðja ríkis, sem hann kom frá, til þess þriðja ríkis, sem gaf út ferðaskilríkin sem hann notaði á ferðalaginu, eða til einhvers annars þriðja ríkis sem tryggir honum aðgang.

b) Flutningsaðilanum ber skylda til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að fullvissa sig um að útlendingur, sem er fluttur loft- eða sjóleiðis, hafi undir höndum nauðsynleg ferðaskilríki til komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.<sup>xxiii</sup>

Það er síðan sjálfstætt rannsóknarefni hversu vel þessum ákvæðum 26. gr. hefur verið framfylgt á Schengen-svæðinu. Ábyrgð flugfélaga hlýtur að koma þar til athugunar.

Við lok þessa kafla er rétt að víkja aðeins að tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins **2013/32/ESB** frá 26. júní 2013, um sameiginlegar aðferðir við veitingu

og afturköllun alþjóðlegrar verndar [„Hælistilskipun“]. Í 36. gr. hennar er fjallað um svo kölluð örugg upprunaríki (flóttamanna).

Í 1. mgr. 36. gr. segir: „Þriðja land sem er tilnefnt sem öruggt upprunaland í samræmi við þessa tilskipun getur, að lokinni einstakri athugun á umsókninni, aðeins talist öruggt upprunaland fyrir tiltekinn umsækjanda ef:

- a) hann eða hún hefur ríkisfang þess lands; eða
- b) hann eða hún er ríkisfangslaus og hafði áður fasta búsetu þar í landi, og hann eða hún hefur ekki lagt fram neinar alvarlegar ástæður fyrir því að telja landið ekki vera öruggt upprunaland, vegna sérstakra aðstæðna sinna og með tilliti til stöðu þess sem nýtur alþjóðlegrar verndar í samræmi við tilskipun 2011/95/ ESB.<sup>xxiv</sup>

ESB ríkjum sem eru bundin af tilskipun um hælismál er heimilt, en ekki skylt, að búa til landslista yfir örugg upprunalönd á grundvelli innlendra reglna og málsmeðferðar. Árið 2021 höfðu 20 ESB-ríki, auk Sviss og Íslands, samþykkt lista yfir örugg upprunalönd, eða samtals 22 Evrópuríki. Þau eru: Austurríki, Belgía, Króatía, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Estónía, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ísland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Malta, Holland, Slóvakía, Slóvenía, Svíþjóð og Sviss. Landslistarnir innihalda þau upprunaríki sem metin eru örugg með tilliti flóttamanna.<sup>xxv</sup>

## Marrakech-samkomulagið

Íslensk stjórnvöld eru í seinni tíð gjörn á að skrifa undir hvað sem er, án þess að gera sér nokkra grein fyrir innihaldi þess sem skrifað er undir. Dagana 10.-11. desember árið 2018 var haldin milliríkjaráðstefna í Marrakech í Marokkó.<sup>xxvi</sup> Viðfangsefni ráðstefnunnar var alþjóðlegur samningur um öryggi, skipulega og reglulega flutninga flóttafólks.

Í lokadrögum ráðstefnunnar er vísað til **New York yfirlýsingarinnar**<sup>xxvii</sup> um flóttamenn og innflytjendur, frá 19. september **2016**, sbr. ályktun 71/1 Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og birt var þann 3. október 2016. Í 14. lið yfirlýsingarinnar er m.a. rætt um „hatursglæpi“, og „hatursorðræðu“. Ekki kemur þó fram í yfirlýsingunni hverjir eigi að stýra þjóðfélagsumræðunni (innan ríkja) eða hvað skuli teljast „leyfilegt umræðuefni“. Ætla má að innihaldslaust tal íslensku forsætisráðherranefnunnar um meint „hatur“ eigi rætur að rekja m.a. til þessarar yfirlýsingar.

Í **Marrakech-samningnum** er haldið uppteknum hætti. Það má t.d. merkja af 33. gr. samningsins. Í a-lið er um það rætt að setja, innleiða eða viðhalda refsilöggjöf vegna „hatursglæpa“ og „grófra hatursglæpa“ sem beinast að innflytjendum, og þjálfa löggæslu og aðra opinbera embættismenn í að bera kennsl á, koma í veg fyrir og bregðast við slíkum glæpum og öðrum ofbeldisverkum sem beinast að farandfólki, svo og að veita læknishjálp, lögfræðilega og sálfélagslega aðstoð við þolendur.<sup>xxviii</sup>

Skoðun sem valdinu þykir óþægileg er oft skilgreind sem „hatur“. Það er gert til þess að þurfa ekki að taka afstöðu til málefnisins sem slíks. Ef skoðun er afgreidd sem „hatur“ þarf ekki að ræða hana frekar. Oft stafar það ef því að umræddur málstaður er svo slæmur að hann þolir ekki umræðu eða umræðan myndi afhjúpa raunverulegan tilgang stjórnvalda.

Hér þarf að hafa það hugfast að ákvörðunarvaldið á ekki að liggja hjá alþjóðlegum stofnunum s.s. Sameinuðu þjóðunum eða Evrópusambandinu, heldur hjá kjósendum, almenningi, í viðkomandi ríkjum. Almennigur, sem greiðir kostnaðinn, á að ráða mikilvægum málum s.s. stefnu í málefnum flóttamanna. Lágmarkskrafan er sú að skrifað sé undir slíkt samkomulag með skýrum fyrirvara. Hann feli í sér að stjórnvöld viðkomandi samningsríkis áskilji sér allan rétt og ákvörðunarvald, enda sé ríkið fullvalda.

Markmið fjögur í Marrakech-samkomulaginu snýr að persónuskilríkjum – að gengið sé úr skugga um að allir innflytjendur hafi sönnun um auðkenni og fullnægjandi skjöl. Í 20. gr. eru ríki sögð skuldbinda sig til þess að tryggja borgurum sínum lögmæt auðkenni, sönnun á ríkisfangi og viðeigandi skjöl, sem geri yfirvöldum og sveitarfélögum kleift að sannreyna hver viðkomandi er við komu til annars ríkis.<sup>xxix</sup> Samkvæmt ákvæðinu er skyldan lögð á heimaríki viðkomandi ríkisborgara að tryggja honum gild persónuskilríki.

## Flóttamannaíðnaður og glæpamennska

Mannsal er afar ábatasöm „atvinnugrein“. Alþjóðavinnuálastofnunin [ILO] áætlaði árið 2014 að ólöglegur hagnaður af nauðungarvinnu um allan heim næmi **150,2 milljörðum Bandaríkjadala** árlega. Meira en þriðjungur hagnaðarins – 51,2 milljarðar Bandaríkjadala – fengist með nauðungarvinnuafli, þar á meðal nærri 8 milljarðar Bandaríkjadala vegna heimilisstarfa hjá vinnuveitendum sem beita hótunum og þvingunum til að greiða engin eða lág laun.<sup>xxx</sup>

Helstu „gagnrýni“ þeirra sem styðja óheftan innflutning „flóttamanna“ á hina sem gera það ekki, er sú að þeir síðarnefndu séu „rasistar“ ef ekki bæði „fasistar“ og „nazistar“. Þetta eru afspyrnu ómálefnalegar upphrópanir enda ætlað að eyða allri vitrænni umræðu um málaflokkinn. Það væri raunar verðugt verkefni að taka saman og gefa út „**Orðabók frasafólksins**“. Ef einhvers staðar örlar á „fasisma“ er það innan Evrópusambandsins og meðal þeirra sem vilja hefta tjáningarfrelsi og stimpla skoðanir annara sem „hatursorðræðu“. Þar má vitaskuld greina „fasíska“ tilburði. Það á engum að þurfa að koma á óvart. Þýskaland, Spánn og Ítalía, auk fleiri ríkja innan ESB, eiga sér „fasíska fortíð“. Fáir munu þó efast um fjölbreytta menningu sömu ríkja. En fortíðinni verður ekki breytt, þótt sumir vilji endurskrifa bækur og falsa söguna.

Eitt af því sem fylgismenn opinna landamæra vilja ekki ræða er það hvort straumur „flóttafólks“ inn í önnur ríki hafi áhrif á hækkandi glæpatíðni ríkjanna. Þar liggja þó fyrir rannsóknir t.d. á Norðurlöndum (Svíþjóð) sem sterklega benda til þess að svo sé. Yfirvöld í Svíþjóð eru samt enn í afneitun.<sup>xxxi</sup>

Hér á eftir verður rýnt í tvær rannsóknir á því hvort og þá hve sterk tengsl eru á milli innflutnings „flóttamanna“ og glæpatíðni. Sú fyrri er rannsókn Göran Adamson frá árinu 2020. Hún nefnist „Innflytjendur og glæpir í Svíþjóð á tuttugustu og fyrstu öld“ [*Migrants and Crime in Sweden in the Twenty-First Century*].

Síðari rannsóknin var gerð af þeim Md. Thasinul Abedin, Rajarshi Mitra og Kanon Kumar Sen. Hún er frá árinu 2022 og nefnist „Eykur innstreymi flóttamanna glæpatíðni í Bandaríkjunum?“ [*Does Refugee Inflow Increase Crime Rates in the United States?*]. Rannsóknir sem þessar verða ekki afgreiddar sem „rasismi“. Dýpri greiningar en svo er þörf. En víkjum þá fyrst að rannsókn Göran Adamson.

Í byrjun rannsóknarinnar er haft eftir **Tage Erlander**, fyrrum forsætisráðherra Svíþjóðar: „Staðan fyrir okkur Svía er því óendanlega miklu heppilegri. Íbúar okkar eru einsleitir, ekki einungis hvað snertir kynþátt okkar heldur einnig hvað snertir svo mörg önnur mál.“<sup>xxxii</sup>

Nú er öldin önnur (bókstaflega). Sprengjuárásir og morð eru hversdagslegir atburðir í Svíþjóð og má þar sérstaklega nefna **Malmö**. Tage Erlander gerði sér ljóst að fólk af ólíkum uppruna á ekki ævinlega samleið. Það markast m.a. af ólíkum bakgrunni og gerólíkum viðhorfum. Fólk velur sér kunningja, vini og maka eftir smekk og oft eftir trúarbrögðum, fjárhag, stjórnmálaskoðunum og fleiru. Þá er valið, meðvitað og ómeðvitað. Kona sem gengur í hnapphelduna giftist ekki hvaða manni sem er, heldur þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt.

Flestir vita að hið sama gildir um þjóðfélög í heild sinni. Þar eiga menn alls ekki alltaf samleið. Það er t.d. ein af ástæðum þess að til eru stjórnmálaflokkar, fólk hefur ólíka sýn á hlutina. Ef „fjölmening“ ætti að ráða för á sviði stjórnmálanna væri nóg að hafa einn flokk: „Fjölmeningarflokkinn“. En á meðan menn hafa mismunandi skoðanir (sem sumir íslenskir ráðherrar vilja banna) verða líka til mismunandi stjórnmálaflokkar. Tilvist þeirra ræðst mest af **mismunandi skoðunum** og **hagsmunum**.

Það má vel rökstyðja þá skoðun að þjóðfélög hafi ákveðið og takmarkað þanþol þegar kemur að ólíku fólkum sem lifir á sama landsvæði. Afneitun og veruleikafirring hjálpa ekkert í því sambandi. Umburðarlyndinu eru takmörk sett. Sumir vilja ekki aðlagast þeim samfélögum sem þeir lifa í en aðrir fá ekki tækifæri til þess, þótt þeir vildu það. Síðan er alltaf til fólk, þvert á alla kynþætti, sem ekki hefur mikla aðlögunarhæfni.

Sumir halda því fram að innflutningur fólks sé hagfelldur fyrir Svíþjóð. Ef það væri svo ætti það að sýna sig í afbrotatölfræði. Rannsókn Adamson og rannsókn frá árinu 2005, á vegum sænsku afbrotavarnastofnunarinnar (**Brottsförebyggande rådet**<sup>xxxiii</sup>), styðja þó ekki sjónarmið um hagfelldni.

Árið 2017 voru innflytjendur 58% þeirra sem grunaðir voru af gildri ástæðu um glæpi. Hlutfallið reyndist 73% í tilvikum *morða* og *manndrápa af gáleysi* [manslaughter] samkvæmt sömu rannsókn frá 2017. Vegna fólksflutninga hefur morðtíðni í Svíþjóð fjórfaldast.<sup>xxxiv</sup>

Þarna sést skuggahlið innflytjendamálanna í niðurstöðum rannsókna. Síðan má lengi ræða undirliggjandi ástæður þessa, s.s. „misheppnaða aðlögun“ að sænsku samfélagi. En það er þá svo best að fólk vilji og geti aðlagast. Það gefur auga leið að sá sem er alinn upp t.a.m. við Sharia-lög fer ekki að niðurlægja sjálfan sig og fjölskyldu sína á fylgispekt við lög sænskra „trúleysingja“.

Ef marka má upplýsingar, árið 2018, sem aflað var hjá Uppdrag Granskning, þar sem kannaður var bakgrunnur þeirra sem skráðir voru vegna *naudgunar*, eða *tilraunar til naudgunar*, á árunum 2012-2017, kom í ljós að 58% gerenda voru fæddir erlendis. Meðal þeirra 42% sem fæddir voru í Svíþjóð voru sumir með innflytjendabakgrunn, þ.e. börn innflytjenda, en nákvæmt hlutfall þeirra kom ekki fram í könnuninni. Í þeim tilvikum þegar þólandi og gerandi þekktust ekki, áður en glæpur var framinn, voru gerendur í 80% tilvika fæddir erlendis.<sup>xxxv</sup>

Það er of einföld afgreiðsla að hrópa sífellt, rasismi, rasismi. Tölurnar tala sínu máli. Því miður bendir margt til þess að „fjölmenningarstefnan“ hafi einfaldlega mistekist herfilega, þegar á heildina er litið. Íslenskir ráðamenn eiga að taka þessar niðurstöður mjög alvarlega en ekki berja sífellt höfðinu við steininn. Afneitun er hættulegt ástand, hún bringar dómgreindina, sem menn þó kunna að hafa, og hindrar raunhæfa stefnumótun í málaflokknum. Á meðan deilt er um staðreyndir versnar staðan. En víkjum þá að seinni rannsókninni, um stöðu mála í Bandaríkjunum.

Höfundar rannsóknarinnar setja fram þá rannsóknartilgátu að straumur flóttamanna (sem hlutfall af íbúafjölda) tengist hækkun á glæpatíðni í Bandaríkjunum. Núlltilgátan [Null hypothesis] er þá sú að enginn munur sé til staðar (á milli hópa í úrtaki).

Í heimi fræðanna er oft bent á lýðfræðilega þætti, aðferðir við löggæslu, tekjuójöfnuð, þjóðartekjur, avinnuleysi, og fátækt, sem aftur ákvarði umfang glæpa. Samkvæmt gögnum bandarísku alríkislögregunnar [FBI] fjölgaði handtökum meðal eldri borgara í Bandaríkjunum, eldri en 65 ára, á milli áruna 2000 og 2013, úr 58.500 í 84.415. Sumir skýra það þannig að með vaxandi fátækt þurfi eldri borgarar að grípa til „nýrra aðferða“ til tekuöflunar. Aðrir benda á að sé tekið tillit til vaxandi hlufalls eldri borgara af heildarmannfjölda sé ekki um raunaukningu að ræða.<sup>xxxvi</sup> Þetta dæmi sýnir að oft þarf að álykta varlega þegar

fjallað er um orsakasamband í tölfræði og rannsóknum. Ljóst þarf að vera við hvað nákvæmlega er átt.

Í „bandarísku rannsókninni“ er leitast við að greina að skammtímaáhrif og langtímaáhrif innflutnings á fólki á glæpatíðni. Sé líkanið sem notað er í rannsókninni án stýribreytu [**control variable**] (þ.e.a.s. ekki tekið tillit til annara áhrifaþátta), að undanskildum þjófnaði á ökutækjum, tengist meiri flóttamannastraumur (sem hlutfall af heildaríbúafjölda) aukningu á glæpum (hærrí glæpatíðni). Séu hins vegar stýribreytur notaðar, að undanskildum ránum og þjófnaði, kemur í ljós að aukinn straumur flóttamanna tengist einnig hærri glæpatíðni, mæld sem hlutfall af heildaríbúafjölda.

Aukinn ójöfnuður í tekjum, ásamt avinnuleysi, eykur glæpatíðni í öllum brotaflokkum. Ef skilin er frá tíðni ofbeldisglæpa kemur í ljós að aukning alríkisútgjalda til lögreglu (sem hlutfall af landframleiðslu) lækkar verulega glæpatíðni [sem aftur styrkir það sem haldið hefur verið fram í fyrri skrifum um að löggæsla borgi sig].

Að ránum undanskildum kemur og fram að hækkun þjóðartekna hefur verulega jákvæð áhrif á glæpatíðni. Hækkun þjóðartekna lækkar glæpatíðni. Að undanskilinni tíðni ofbeldisglæpa, rána og þjófnaða á vélknúnum ökutækjum, hefur herra hlutfall fátækar í för með sér verulega aukna glæpatíðni.<sup>xxxvii</sup> Ýmsum kann að þykja augljóst að með vaxandi fátækt fjölgi glæpum. En það er aldrei hægt að gefa sér neitt fyrir fram sem staðreyndir. Fyrsta skrefið er að setja fram tilgátur og kanna síðan hvort gögnin styðja þær eða ekki.

Langtímasambandið á milli innstreymis flóttamanna (hlutfall af heildaríbúafjölda) og glæpatíðni ætti að vekja meiri áhuga þeirra sem móta stefnu en skammtímasambandið. Í báðum líkönunum kemur í ljós að aukning á innstreymi flóttamanna (% af heildaríbúafjölda) eykur glæpatíðni verulega í öllum flokkum; því styðja niðurstöður höfunda eindregið þá tilgátu að aukinn flóttamannastraumur (sem hlutfall af heildaríbúafjölda) muni líklegast leiða til vaxandi glæpatíðni í öllum flokkum glæpa í Bandaríkjunum.<sup>xxxviii</sup>

Íslenskir stjórnámálamenn ættu að hugleiða þetta vandlega. Oft er hægt að læra af öðrum og raunar er það svo að flest sem menn læra í lífinu er á einhvern hátt numið af öðrum – öllu því ágæta fólki sem oftast er tilbúið að „draga aðra að landi“ og rétta öðrum hjálparhönd. Stjórnvöld mega þó aldrei að misnota góðvild

almennings. Tal stjórnámálanna um „hatur“ og „rasisma“ leysir enn fremur engan vanda í þessu samhengi.

## Að lokum

Íslenskir ráðamenn leggja almennt mikið upp úr því að sýnast „góðmenni“ og leika góðmenni þegar þeir telja að álit „umheimsins“ sé í veði. Að brosa í erlendar myndavélar verður þá mikilvægara en álit íslenskra kjósenda. Ráðamenn eru líka, oft, allra manna fljótastir að tileinka sér ýmsar dellu-hugmyndir og „hugmyndafræði“. Allt er keyrt úr hófi fram þar til almenningur er orðinn hundleiður, svekkur og jafnvel sár. Ef norsk stjórnvöld fara þess á leit við íslensk stjórnvöld að innleiða orkupakka ESB er það gert án athugasemda. Undirlægjan gagnvart ESB og stofnunum Sameinuðu þjóðanna [s.s. gagnvart WHO] er einnig mjög mikil og óheillavænleg.

Viðbrögð íslenskra stjórnvalda eiga því engum að koma á óvart í málefnum „flóttamanna“. Ef breyta á útlendingalögum, þannig að synjun um dvalarleyfi hafi afleiðingar fyrir umsækjandann, s.s. þannig að honum sé gert að yfirgefa landið innan ákveðinna tímamarka, þá ætlar allt af göflunum að ganga. Ríkisfjölmiðillinn tekur til óspilltra málanna og tekur að sýna fólk í slæmri stöðu sem óræka sönnun þess að lagasetning sé mannvonska og jafnvel að „góðmennum“ fari fækkandi á Íslandi.

Allir skulu boðnir velkomnir, enda þótt í sumum tilvikum hafi stjórnvöld ekki hugmynd um fortíð þeirra sem sækja um stöðu „flóttamanns“ og aðrir leggist hreinlega gegn því að kanna hana.

Þarna virðist undirliggjandi einhvers konar afbökuð hugmynd um „manngreinarálit“. Manngreinarálit er órúfanlegur þáttur í mannlegu lífi, hvort sem fólki líkar það betur eða verr. Segja má að allir fari í manngreinarálit. Það gerist með makavali, vali á kunningjum og vinum, vali á starfsfólki, vali á embættismönnum og ekki síst þingmönnum. Allir geta borið við „málefnalegum sjónarmiðum“. Hvernig á að sanna þá viðbáru? Þegar nefndur er til sögu maður eða kona og viðkomandi ekki sagður/sögð fara í „manngreinarálit“ á að spyrja: er viðkomandi ekki giftur/kvæntur eða í sambandi? Þarf að hafa fleiri orð um það? Val fólks felur mjög oft í sér manngreinarálit.

Það á því ekkert skylt við „mannvonsku“ þótt settar séu lagareglur um t.d. fólk sem leitar hælís á Íslandi og sækir um stöðu flóttamanns. Það hefur lengi



legið fyrir að eftirspurnin er miklu meiri en það að hægt sé að samþykkja alla sem leita til Íslands – þótt ekki væri nema vegna þess að öll innri uppbygging samfélagsins stækkar mun hægar en svo að hægt sé anna „innrás“ þúsunda manna á skömmum tíma og yfirfylla heilu bæjarfélögin. Stundum getur „góðmennskan“ snúist upp í andhverfu sína.

Sumir skýra mikinn fjölda flóttamanna (til Íslands) í tengslum við „þarfir atvinnulífsins“. Í áðurnefndri rannsókn Göran Adamson er m.a. vikið að því atriði, að í stað „vinnuafls“ sem flytur á milli ríkja hafi komið ýmsir flokkar flóttamanna. Íslensk verkalýðshreyfing hlýtur að vera uggandi. Lítið heyrir rætt um hættu á félagslegum undirboðum. Mjög er sótt að tjáningarfrelsinu. Frasarnir leysa rökræðuna af hólmi. Eru ráðherrar e.t.v. búnir að banna alla umræðu um félagsleg undirboð, samkvæmt fyrirskipunum frá ESB, Sameinuðu þjóðunum og Davos? Góðar stundir!

- i UNHCR - The UN Refugee Agency. (1951). *Convention and Protocol relating to the status of refugees* | UNHCR. UNHCR. <https://www.unhcr.org/media/convention-and-protocol-relating-status-refugees>
- ii *Refugees and Asylum* | USCIS. (2015, November 12). USCIS. <https://www.uscis.gov/humanitarian/refugees-asylum>
- iii UNHCR - The UN Refugee Agency. (2011, September). *The 1951 Convention relating to the status of refugees and its 1967 Protocol*. UNHCR. Retrieved August 21, 2023, from <https://www.unhcr.org/sites/default/files/legacy-pdf/4ec262df9.pdf>
- iv League of Nations, *Arrangement Relating to the Issue of Identify Certificates to Russian and Armenian Refugees*, 12 May 1926, League of Nations, Treaty Series Vol. LXXXIX, No. 2004, available at: <https://www.refworld.org/docid/3dd8b5802.html> [accessed 21 August 2023].
- v *Refugees - Agreement of 30th June 1928 and Arrangements of Governmental Conference, 30th June 1928 - state of signatures, ratifications, etc.* - UN Archives Geneva. (n.d.). <https://archives.ungeneva.org/refugees-agreement-of-30th-june-1928-and-arrangements-of-governmental-conference-30th-june-1928-state-of-signatures-ratifications-etc>
- vi *League of Nations, Convention on the international Status of Refugees*. (1933). The Library of Congress. <https://www.loc.gov/item/2021667894/>
- vii League of Nations, *Convention concerning the Status of Refugees Coming From Germany*, 10 February 1938, League of Nations Treaty Series, Vol. CXCII, No. 4461, page 59, available at: <https://www.refworld.org/docid/3dd8d12a4.html> [accessed 21 August 2023]
- viii League of Nations, *Additional Protocol to the Provisional Arrangement and to the Convention concerning the Status of Refugees Coming from Germany*, 14 September 1939, League of Nations Treaty Series Vol. CXCVIII No. 4634, p. 141, available at: <https://www.refworld.org/docid/3dd8d1fb4.html> [accessed 21 August 2023]
- ix UNHCR - The UN Refugee Agency. (1951), op. cit., art 1(2).
- x Sjá t.d.: European Commission. Migration and Home Affairs. [Online]. [https://home-affairs.ec.europa.eu/networks/european-migration-network-emn/emn-asylum-and-migration-glossary/glossary/burden-proof\\_en](https://home-affairs.ec.europa.eu/networks/european-migration-network-emn/emn-asylum-and-migration-glossary/glossary/burden-proof_en)
- xi Sjá t.d.: Companion, F. C. (2023, June 30). Are There Enough Lifeboats On Cruise Ships To Save Every Last Passenger? *The Family Cruise Companion*. <https://familycruise.companion.com/are-there-enough-lifeboats-on-cruise-ships/>
- xii Sjá t.d.: *International law experts file criminal case against Yogi, attending WEF in Davos*. (2023, January 20). <https://www.counterview.net/2023/01/international-law-experts-file-criminal.html>
- xiii *Iceland Refugee Statistics 1990-2023*. (2023). MacroTrends. [Online]. <https://www.macrotrends.net/countries/ISL/iceland/refugee-statistics>
- xiv Jamovi. <https://www.jamovi.org/>
- xv Hagstofa Íslands. (2023). Yfirlit mannfjölda. <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/yfirlit/>
- xvi UNHCR. Figures at a glance. (2023). [Online]. <https://www.unhcr.org/about-unhcr/who-we-are/figures-glance>
- xvii Finnish Immigration Service. (2023). <https://migri.fi/en/quota-refugees>
- xviii *Ibid*.
- xix Lock, L. (2022). What is the difference between a “refugee” and an “asylum seeker”? *Free Movement*. <https://freemovement.org.uk/refugee-convention/>
- xx SchengenVisaInfo.com. (2023, January 4). *The Schengen Agreement - history and the definition*. <https://www.schengenvisa.info.com/schengen-agreement/>
- xxi Sjá einnig: *Schengen Area*. (n.d.). Migration and Home Affairs. [https://home-affairs.ec.europa.eu/policies/schengen-borders-and-visa/schengen-area\\_en](https://home-affairs.ec.europa.eu/policies/schengen-borders-and-visa/schengen-area_en)
- xxii Alþingi. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. 125. löggjafarþingi 1999–2000. Þskj. 240 — 206. mál. <https://www.althingi.is/altext/125/s/0240.html>
- xxiii *Ibid*. [Sjá einnig: IMPLEMENTING THE SCHENGEN AGREEMENT [2000] OJ 2 239/0019]. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A42000A0922%2802%29>
- xxiv Directive 2013/32/EU of the European Parliament and of the Council on common procedures for granting and withdrawing international protection - Asylum Procedures Directive (2013) OJ L 180, 29.6.2013, p. 60–95.
- xxv EASO. “Safe Country of Origin Concept in EU+ Countries.” EASO, 9 June 2021, <https://euaa.europa.eu/sites/default/files/publications/EASO-situational%20update-safe%20country%20of%20origin-2021.pdf>
- xxvi *GLOBAL COMPACT FOR SAFE, ORDERLY AND REGULAR*. United Nations, July 11, 2018. [https://refugeesmigrants.un.org/sites/default/files/180711\\_final\\_draft\\_0.pdf](https://refugeesmigrants.un.org/sites/default/files/180711_final_draft_0.pdf)
- xxvii *New York Declaration for Refugees and Migrants*. New York: UN General Assembly, October 3, 2016. [https://www.un.org/en/development/desa/population/migration/generalassembly/docs/globalcompact/A\\_RES\\_71\\_1.pdf](https://www.un.org/en/development/desa/population/migration/generalassembly/docs/globalcompact/A_RES_71_1.pdf)
- xxviii *GLOBAL COMPACT FOR SAFE, ORDERLY AND REGULAR*. United Nations, July 11, 2018. [https://refugeesmigrants.un.org/sites/default/files/180711\\_final\\_draft\\_0.pdf](https://refugeesmigrants.un.org/sites/default/files/180711_final_draft_0.pdf)
- xxix *Ibid*, 20. gr.
- xxx Office, I. L. (2014). *Profits and poverty: The Economics of Forced Labour*. International Labour Organisation. [https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---declaration/documents/publication/wcms\\_243391.pdf](https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---declaration/documents/publication/wcms_243391.pdf)

- xxxixSjá t.d.: Sh, A. (2022, September 22). *Sweden denies accusations that immigrants are standing behind the crime increase* - *SchengenVisaInfo.com*. SchengenVisaInfo.com. <https://www.schengenvisa.info.com/news/sweden-denies-accusations-that-immigrants-are-standing-behind-the-crime-increase/>
- xxxiiAdamson, G. (2020). Migrants and crime in Sweden in the Twenty-First Century. *Society*, 57(1), 9–21. <https://doi.org/10.1007/s12115-019-00436-8>
- xxxiiiBrottsförebyggande rådet. (n.d.). *About Brå*. Brottsförebyggande Rådet. <https://bra.se/bra-in-english/home/about-bra.html>
- xxxivAdamson, *op. cit.*
- xxxvAdamson, *op. cit.*
- xxxviThasinul Abedin, M., Mitra, R. & Sen, K.K. Does Refugee Inflow Increase Crime Rates in the United States?. *Soc Indic Res* 164, 1379–1401 (2022). <https://doi.org/10.1007/s11205-022-02996-5>
- xxxvii*ibid.*
- xxxviii*ibid.*